SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2652 Síðan 1968 55. árgangur
Fimmtudagur 9. júní 2022
Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Ný bæjarstjórn tekin við í Árborg

Nýr meirihluti D-listans tók formlega til starfa miðvikudaginn 8. júní sl. þegar fyrsti bæjarstjórnarfundur fór fram. Leiðarljós nýs meirihluta er að auka hagsæld sveitarfélagsins og tryggja velferð íbúa í Árborg.

„Saman ætlum við að gera kröftugt samfélag enn betra. Við ætlum að auka samráð, bæta upplýsingaflæði og hlusta á sjónarmið íbúa," segir Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar.

Vinna saman sem teymi og skipta með sér embættum

Embættisskipan nýs meirihluta verður á þann veg að Bragi Bjarnason og Fjóla St. Kristinsdóttir skipta með sér embætti bæjarstjóra og formanns bæjarráðs á kjörtímabilinu. Bragi Bjarnason, oddviti listans byrjar sem formaður bæjarráðs fyrstu tvö árin og tekur svo við sem bæjarstjóri. Fjóla St. Kristinsdóttir byrjar sem bæjarstjóri fyrstu tvö árin og tekur svo við hlutverki formanns bæjarráðs. Kjartan Björnsson skipar embætti forseta bæjarstjórnar.

„Hlutverk formanns bæjarráðs verður gert veigameira í þeim tilgangi að vinna enn betur að heildarsýn sveitarfélagsins og auka skilvirkni í þeim umfangsmiklu verkefnum sem framundan eru hjá Sveitarfélaginu Árborg," segir Bragi.

Sveitarstjórn Bláskógarbyggðar ásamt Ástu Stefánsdóttur sveitarstjóra.

Ásta áfram sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Nýkjörin sveitarstjórn Bláskógabyggðar kom saman til fyrsta fundar hinn 1. júní. Á fundinum var skipað í embætti innan sveitarstjórnar og verður Helgi Kjartansson oddviti sveitarstjórnar og Stefanía Hákonardóttir varaoddviti. Samþykkt var að ráða Ástu Stefánsdóttur til áframhaldandi starfa sem sveitarstjóri. Sveitarstjórn skipa fimm fulltrúar T-lista og tveir fulltrúar Þ-lista.

Sigríður og Viðar á Kaldbak fengu Landgræðsluverðlaunin

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra afhenti Landgræðsluverðlaunin á ársfundi Landgræðslunnar í Gunnarsholti síðastliðinn föstudag.

Verðlaunahafar voru bændurnir á Kaldbaki á Rangárvöllum, þau Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson og Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands.

Sigríður og Viðar á Kaldbaki hlutu verðlaunin fyrir öflugt og árangursríkt uppgræðslu- og landbótastarf á jörð sinni og fleiri svæðum á Rangárvöllum um áratuga skeið.

Landvernd hlaut verðlaunin fyrir öflugt fræðslustarf síðustu árin tengt vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu.

(F.v.) Árni Bragason landgræðslustjóri, Tryggvi Felixson formaður Landverndar, Sigríður Heiðmundsdóttir og Viðar Steinarsson frá Kaldbak á Rangárvöllum með fjórum barnabörnum og Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra. Ljósmynd: Landgræðslan.

Matvælaráðherra afhenti verðlaunahöfum Fjöregg Landgræðslunnar, verðlaunagripi sem unnir eru úr tré í Eik-listiðju á Miðhúsum við Egilsstaði.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

HÚS í bæ HÚS í borg HÚS í sveit

HÚS Fasteignasala

Austurvegi 26, 800 Selfoss

Hey þú!

Ert þú búin/n að kíkja inná fristundir.arborg.is og kynna þér það fjölbreytta úrval sumarnámskeiða sem í boði eru í sumar?

Endilega kíktu! Gleðilegt sumar!

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Árborg vellíðan fyrir alla

Sveitarfélagið ÁRBORG

Rosalega góð í að verða fyrir vonbrigðum

Sunnlendingarnir Bjarni Már Stefánsson sem útskrifaðist úr Fjölbrautaskóla Suðurlands og Gísella Hannesdóttir sem útskrifaðist úr Menntaskólanum að Laugarvatni á dögunum eiga það sameiginlegt að vera Dúxar skóla sinna. Blaðamaður Dagskrárinnar hafði samband við þessa flottu krakka sem voru annarsvegar stödd í Barcelona og hinsvegar á leið til Mexíkó í útskriftarferðir og komst að því að þau eiga sitthvað fleira sameiginlegt en eru samt gerólík, eins og má sjá á svörum þeirra við spurningunum hér að neðan.

Hvernig telur þú að heimsfaraldurinn hafi litað þína framhaldsskólagöngu?
Gísella: Heimsfaraldurinn hafði rosalega mikil áhrif á þessi þrjú ár, ég ætla ekkert að draga úr því. Minn árgangur fékk bara að upplifa eina önn sem var algjörlega laus við takmarkanir og þetta var alveg svolítið erfitt á köflum. En við lærðum líka heilmikið af þessu öllu. Við erum til dæmis orðinn rosalega góð í að verða fyrir vonbrigðum og gera það besta úr erfiðum aðstæðum. Svo held ég að við höfum líka lært að kunna betur að meta það sem við höfum sem ég held að sé mjög jákvætt.

Bjarni: Heimsfaraldurinn gerði skólagönguna mun leiðinlegri án efa en hún kenndi mér margt. Þá sérstaklega hvað varðar samvinnu. Þegar aðgengi að kennurum var takmarkað spjallaði maður við samnemendur til að átta sig betur á námsefninu.

Hvernig er dæmigerður dagur í þínu lífi?
Bjarni: Dæmigerður dagur í lífi mínu í FSu var þannig að ég vaknaði um sjö- eða áttaleytið og fékk mér cheerios og mjólk. Svo fór ég í skólann. Eftir skólann fór ég e.t.v. í gítartíma eða ég nýtti tímann í að slaka á eða þar til ég þurfti að gera mig tilbúinn fyrir fimleikaæfingu. Um fimmeða sexleytið fór ég á þriggja tíma fimleikaæfingu. Eftir það borðaði ég kvöldmat og kláraði að læra ef ég þurfti þess og fór svo að sofa klukkan 23.

Gísella: Það er eiginlega ekkert sem heitir dæmigerður dagur í mínu lífi, þeir eru allir svo misjafnir! En það er alltaf nóg að gera hjá mér svo ég vakna yfirleitt snemma og nýti tímann minn vel. Svo reyni ég að passa að taka mér pásu reglulega til að gera eitthvað sem mér finnst skemmtilegt og eyða tíma með fjölskyldu og vinum. Mér finnst nefnilega svo mikilvægt að muna að njóta líka.

Hvað gerði þig að dúx?
Gísella: Ætli það hafi ekki bara verið góður kokteill af samviskusemi, metnaði og mjög miklu skipulagi. Ég á það svolítið til að taka að mér endalaust af auka verkefnum svo ég neyðist alltaf til að skipuleggja mig vel til að geta komið öllu í verk. Það var í rauninni aldrei planið að reyna að dúxa, ég gerði bara alltaf mitt besta og uppskar svo eftir því.

Bjarni: Það sem gerði mig að dúx var fyrst og fremst metnaður en líklega smá vottur af einhverri fullkomnunarárátt. Svo hjálpuðu fimleikaæfingar mér helling því þær gáfu mér tíma til að taka hugann af náminu og „neyddu“ mig í að skipuleggja tímann minn í kringum þær sem gerði það að verkum að ég nýtti tímann minn betur.

Hvað tekur við?
Bjarni: Ég á eftir að ákveða nákvæmlega hvaða nám ég vil stunda og því ætla ég að taka mér ár í pásu frá skólanum. Fyrir áramót ætla ég að vinna og svo ætla ég í lýðháskóla. Þetta gefur mér vonandi tímann sem ég þarf til að ákveða hvað tekur við. En ég veit samt að ég vil stunda eitthvað nám í raungreinum því þar liggur áhuginn minn.

Gísella: Í haust stefni ég á að flytja til Danmerkur og fara í íþróttalýðháskóla. Ég hef ekki ákveðið hvað ég ætla að gera eftir það en það verður eflaust eitthvað skemmtilegt!

Hvað fannst þér skemmtilegast við að vera í framhaldsskóla?
Gísella: Það var svo margt! Mér fannst eiginlega alltaf gaman í skólanum, félagslífið var frábært og ég elskaði að vera í ML kórnum. En ef ég þyrfti að velja eitthvað eitt þá er það líklega að fá að búa á heimavist með öllum vinum mínum.

Bjarni: Það sem mér fannst skemmtilegast við framhaldsskóla var félagsskapurinn og fara á viðburðina sem nemendafélagið hélt.

Sturluð staðreynd um þig?
Bjarni: Ég hef farið til Ísraels og ég skilaði síðasta verkefninu mínu í framhaldsskóla 30 sekúndur í skilafrest.

Gísella: Ég varð einu sinni unglingalandsmótsmeistari í kökuskreytingum.

Hvert er þitt mesta afrek í lífinu?
Gísella: Það að komast heil á húfi í gegnum heimsfaraldur.

Bjarni: Ætli mesta afrekið mitt sé ekki að dúxa. Ég myndi samt frekar segja að afrekið mitt sé vinnan sem fór í það að verða dúx því titillinn sjálfur skiptir ansi litlu máli.

Hvaða bók lastu síðast?
Bjarni: Harry Potter og dauðadjásnin.

Gísella: Í augnablikinu er ég að lesa bókina Fjölskylda fyrir byrjendur eftir Sarah Morgan.

Hver er þinn uppáhalds staður?
Bjarni: Hellisskógur á Selfossi. Frábært að hjóla þar.

Gísella: Ég er nokkuð viss um að það fyrifinnist hvergi betri staður en sveitin heima (algjörlega hlutlaust mat) þó Laugarvatn komist nú nokkuð nálægt því.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður „stór“?
Gísella: Ég er ekki búin að ákveða neitt en ég hef mikinn áhuga á listgreinum, þá sérstaklega tónlist, leiklist og ritlist, svo það væri gaman að gera eitthvað sem tengist því.

Bjarni: Ég er ekki lengur viss hvað ég vil vera þegar ég verð „stór“ en hugmyndirnar mínar hafa verið margar í gegnum tíðina til dæmis listamaður, uppfinningamaður, hvalafræðingur, verkfræðingur og arkítekt.

Hvað getur/hefur þú gert sem kemur fólki á óvart?
Gísella: Ég hef skrifað og leikstýrt leikriti í Borgarleikhúsinu.

Bjarni: Ég get gert afturábakheljar á jörðinni sem kemur kannski þeim á óvart sem vita ekki að ég æfi fimleika.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?
Bjarni: Framtíðin mín er óskrifað blað en ég sé fyrir mér að vera allavega búinn með háskólanám og í einhverri vinnu sem ég hef gaman að, búinn að koma mér ágætlega fyrir einhvers staðar, jafnvel með nýrri fjölskyldu.

Gísella: Ég hef bara ekki hugmynd um það! Ég ætla bara að hafa opinn huga og sjá hvert lífið leiðir mig.

Viðtal:
Helga Guðrún Lárusdóttir

„Hátíðleg“ heimkoma

Jarlinn í Sigtúnum
Egill Gr. Thorarensen

(1897-1961) var óumdeilanlega fremsta athafnaskáld Sunnlendinga í áratugi og ruddi Selfossi braut sem höfuðstað Suðurlands og Þorlákshöfn sem hafnarbæ. Við **hátíðlega athöfn á torginu** í miðbæ Selfoss bjóðum við Egil velkominn heim, setjum veglega **styttu af honum á stall** gegnt Ölfusárbrú og bjóðum til hátíðar í tilefni dagsins.

Guðni

Fjóla

Kristján



Ólafur Ragnar

Á tónlistarsviðinu mun Lúðrasveit Selfoss gangsetja stemninguna og Karlakór Selfoss ásamt Kristjáni Jóhannssyni þenja raddböndin. Ávörp flytja Guðni Ágústsson, stjórnarformaður Styttubandsins sem stendur fyrir atburðinum, Fjóla Kristinsdóttir nýráðinn bæjarstjóri Árborgar og Ólafur Ragnar Grímsson.

Að loknu ávarpi hans telja kórinn og Kristján í **Hrausta menn** áður en nokkur barnabarnabarnabörn Egils, öll búsett á Selfossi, afjúpa styttuna af langalangafa sínum á Brúartorginu.

Og auðvitað eru svo ísbúðin, mathöll gamla mjólkurbúsins og allir hinir veitingastaðirnir á sínum stað til viðbótar við að maður er manns gaman. Þess vegna fjölmennum við og tökum vel á móti **héraðshöfðingjanum Agli Gr. Thorarensen.**

Fimmtudagur

16. JÚNÍ . 17:00

Verið velkomin
Styttubandið



Opið bréf til nýkjörinna sveitarstjórnarfulltrúa

Til hamingju með að ná kjöri. Nú er mikilvægt að vanda sig. Eitt af því sem kjörnir fulltrúar bera ábyrgð á er að þeirra sveitarfélag hafi samráð við fatlað fólk. Nú er lag að nýjar og endurkjörnar sveitarstjórnir gæti að lagaskyldu sinni til að koma upp notendaráðum fatlaðs fólks í hverju sveitarfélagi. Fjölmörg sveitarfélög hafa nú þegar góða reynslu af slíku fyrirkomulagi sem skilar sér í betri ákvörðunum og betri nýtingu á fjármagni, auk þess sem samfélög sem viðhafa samráð verða betri staðir til að búa á.

Hvort sem sveitarfélög hafa starfrækt notendaráð áður, eða hyggjast leggja af stað í þá vegferð núna, þá er mikilvægt að kalla strax eftir tilnefningum frá hagsmunafélögum fatlaðs fólks um einstaklinga á svæðinu til að sitja í þessum ráðum.

Undirrituð hafa verið í sambandi við fatlað fólk í notendaráðum um allt land undanfarin misseri á reglulegum fundum. Auk þess höfum við átt samtal við starfsólk sveitarfélaga og kjörna fulltrúa um þessi mál. Af þeirri reynslu höfum við lært að það virkar vel að kjörnir fulltrúar sitji í slíkum ráðum og séu þannig í beinu talsambandi við fatlaða íbúa í stefnumótun og ákvarðanatöku. Vel hefur gefist að starfsfólk sveitarfélaganna sé frekar í stuðningshlutverkum í þessum nefndum.

Nokkur atriði sem gott er að hafa í huga við skipan og starfrækslu notendaráða:

- Leitast við að hafa hóp fulltrúa fatlaðs fólks ekki of lítinn þannig að fjölbreytileiki náist.
- Tryggja að fatlað fólk sé ekki í miklum minnihluta í notendaráðinu.
- Greiða fyrir setu í ráðinu líkt og greitt er fyrir í öðrum fastanefndum.
- Passa að fundir séu haldnir í aðgengilegu húsnæði og að gögn séu send með hæfilegum fyrirvara fyrir fundi til að hægt sé að kynna sér þau í þaula.

Við skorum hér með á sveitarstjórnarfulltrúa sem þetta lesa, að gera málið að sínu og tryggja að samráð við fatlað fólk sé til fyrirmyndar í ykkar sveit.

Ekki hika við að hafa samband hvort sem er í síma eða tölvupósti mottaka@obi.is. ÖBÍ er boðið og búið að aðstoða ykkur varðandi þessi mál og auðvitað til þess að fá tilnefningar um fatlað fólk til samstarfs.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands
Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA-miðstöðvarinnar
Katrín Oddsdóttir, mannréttindalögfræðingur

Bréf til bæjarstjórnar Árborgar

Ráðhúsið okkar er eitt af glæsilegustu byggingum á Selfossi. Það var reist árið 1946 sem verslunar og skrifstofuhús Kaupfélags Árnesinga sem Egill Thorarensen stýrði frá stofnun þess 1930 og til dánardægurs hans 1961. Húsið er reist af þeim myndarskap sem einkenndi öll verk Egils, enda höfum við nokkrir áhugamenn staðið fyrir fjársöfnun til að reisa af honum styttu sunnan við hringtorgið sunnan við Ölfusárbrú. Hún verður afhjúpuð 16. júní nk. Þetta hús kaupfélagsins hefur nú um árabil verið ráðhús sveitarfélagsins og hýsir bæjarskrifstofur, Bókasafn Árborgar og héraðsskjalasafnið. Fyrir framan húsið, götumegin er breið stétt. Stéttin er með þremur hálfkringlum svo sem mittishá og milli þeirra eru tvískiptar tröppur. Útlitið á þessum kringlum og tröppum er hörmulegt og þarf ekki að lýsa því frekar þar sem þessi hörmung blasir við öllum. Þetta er eins og skemmd tönn í fríðu andliti miðbæjarins, sem nú er að taka á sig glæsilegri mynd með reisulegum byggingum Leós Árnasonar. Ágæta bæjarstjórn, látið nú gera við þessar skemmdir í sumar svo ásýnd miðbæjarins verði okkur öllum til sóma.

Fram fram fylking!

Sigurjón Erlingsson
í sveitarstjórn 1974-1986

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Barnvæn þessi ekki er,
uppi festir netið hér,
matur sem í hjalli hékk, (og gerir enn)
sú hryssa bestan dóminn fékk.

Svar við gátu í blaði 2651: **STAPPA**
1. Troðningur, ös - 2. Gatari/úrrek/sýll
3. Rófu**stappa** - 4. **Stappa** niður fótum

Sunnlenski matgæðingurinn

Takk Ástmar... Takk Ástmar... Mágur minn er frábær, hendir þessu fram hér á þessum miðli til að fá gæsa uppskriftina, konan mín fær hana ekki einu sinni, en ég elska að elda mat þannig að þetta er nú ekki stærsta ákvörðun sem ég hef staðið frammi fyrir.

Við eldum oft mexíkanskan mat við mikla ánægju allra á heimilinu, annað hvort Burrito, Tacos eða Enchiladas, það eru mikil forréttindi að búa hérna í Kaupmannahöfn þar sem erlendir grænmetissalar eru víðsvegar og manni finnst að maður sé að fá beint frá bónda, ferskleikinn er þannig. Þegar ég geri Mexikanskan mat og hef nægan tíma geri ég bæði salsa sósuna og Gucamole frá grunni, ég hef verið að stelast í stafablandarann en ef þetta er gert eins og í Mexico er þetta allt skorið fínt með hníf, og ég mæli með að gera tvöfalda uppskrift af salsa sósunni, því að ef opnaður er nachos snakk poki fyrir mat er sósan fljót að hverfa. Salsa sósan er vel blaut því er gott að láta hana standa vel á eftir í sigti, og því þroskaðari sem tómatarnir eru því betra.

Salsa:
6 vel þroskaðir tómatar
1 rauðlaukur skorinn smátt
2 hvítlauksrif, rifið eða saxað smátt
1 chilli (grænn)
1 góð handfylli af ferskum kóríander
safi úr 1 lime
hálf tsk, kummin (krydd)
1 tsk sjávarsalt

Aðferð:
Allt sett í matvinnsluvél eða blandara og blandað þannig að útkoman verði frekar gróf. Ekki mauka of lengi, smakkið til með salti og sigtið síðan aðeins af vökvanum frá áður en sósan er borin fram. Geymist í kæli í 2-3 daga.

Óli Rúnar Eyjólfsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Guacamole:
2 vel þroskuð avókadó, skorin í bita
2 stórir tómatar, vel þroskaðir, skornir smátt
1-2 hvítlauksrif söxuð smátt
½ rauðlaukur saxaður smátt
1-2 ferskur rauður chilli
Safi úr lime
1-2 búnt ferskt kóríander smátt saxað
½ tsk salt

Aðferð:
Allt sett í matvinnsluvél og blandað saman, en ekki of lengi og smakkað til með salti, lime og koriender. Geymst einnig í kæli í 2-3 daga.

Þegar er ég er að gera klassiska Burrito steiki ég papriku og lauk saman í olíu, þá steiki ég annaðhvort kjúkling eða nautakjöt með dass af bæði lime og kóríander og kryddi eftir smekk.
Þegar ég hita kökurnar geri ég það á sömu pönnu og ég steikti kjötið í olíunni af kjötinu og bara að hita aðra hliðina, ég er ekki kominn þangað að ég sé farinn að baka kökurnar sjálfur.
Ég smyr svo kökuna með Salsa, dreifi kjötinu, laukur og paprika, koriender, skvísa lime yfir, Guacamole, Jalapenio og Chillie eftir smekk, því næst sýrður rjómi sem má blanda með smá lime og síðast ostur áður en ég rúlla kökunni upp. Mikilvægt er að loka botninum áður en maður rúllar svo allt detti ekki niður. Þetta klikkar aldrei. Velbekomme !!

Því næst þarf ég víst að tilnefna næsta matgæðing og ég ætlaði að tilnefna Bent Larsen minn fremsta mann, en hann gæfi okkur nú sennilega bara adressuna á KFC þannig að ég ætla að tilnefna konuna hans hana Líney Kristinsdóttur, hún kann eitt og annað í eldhúsinu og passar vel uppá minn besta vin, Líney, sviðið er þitt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sveitarstjóri

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir starf sveitarstjóra laust til umsóknar.

Starfssvið

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum
- Leiða vinnu við stafræna vegferð sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla og/eða þekking af mannauðs- og markaðsmálum
- Góð upplýsingatæknikunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Grímsnes- og Grafningshreppur er sveitarfélag í örum vexti. Þar búa rúmlega 500 íbúar og jafnframt er stærsta frístundabyggð landsins staðsett í sveitarfélaginu. Fjölbreytt atvinnulíf er í sveitarfélaginu ásamt því að þar eru starfræktar fjórar virkjanir. Sveitarfélagið hefur tvo þéttbýliskjarna, Borg og Sólheima.

Á Borg er stjórnsýsluhús sveitarfélagsins, Félagsheimilið Borg, íþróttamiðstöðin Borg með íþróttahúsi, tækjasal og sundlaug. Þar er einnig eini skóli sveitarfélagsins, Kerhólsskóli sem er samrekinn leik- og grunnskóli með rúmlega 70 börnum frá eins árs og upp í 10. bekk.

Sjá nánar **gogg.is**

Sótt er um störfin á hagvangur.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsóknarfrestur er til og með **21. júní nk**.

Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**.

fremst fyrir bragðið
Síðan 1907

SLÁTURHÚS SELFOSSI

STÖRF Í SLÁTURTÍÐ HAUSTIÐ 2022

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins www.ss.is undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480 4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Viltu vinna gefandi starf á góðum vinnustað?

ÖLFUS

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar í Þjónustumiðstöð aldraðra Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Um er að ræða eftirfarandi störf:

Dagdvöl aldraðra í Þorlákshöfn – 2 starfsmenn í sumarafleysingar með möguleika á framtíðarstarfi.

Matráður - Sumarafleysingar í eldhús í þjónustumiðstöð aldraðra í Þorlákshöfn í fullt starf.

Heimaþjónusta – 2 starfsmenn í dagvinnu.

Heimaþjónusta – 2 starfsmenn á kvöld og helgarvaktir.

Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja reynslu af sambærilegum störfum.

Lipurð og góð færni í mannlegum samskiptum er nauðsyn.

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hildur Þóra Friðriksdóttir, hildur@olfus.is

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri og eru öll kyn hvött til að sækja um störfin.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til 10. júní 2022.

Umsóknum skal skilað rafrænt á www.olfus.is

Sveitarfélagið Ölfus

Sumarkjóll



Mörgum stelpum finnst yndislegt að geta skottast um og hoppað í trampólíni í léttum bómullar sumarkjól svo að þessu sinni gefum við uppskrift af einum slíkum.

Garnið heitir Cotton Quick Batik, það er mislitt og fæst í 6 mismunandi litasamsetningum.

Stærðir: 2ja - 4ra - 6 ára.
Efni: Cotton Quick Batik, 2-3-3 dk, 60 cm hringprjónn no 3,5, sokkaprjónar no 3,5, prjónamerki, prjónanælur, heklunál no 2,5, ein tala.
Perluprjón: Hér skammstafað pp, 1sl, 1 br til skiptis. Í næstu umferð er prjónuð br yfir sl og sl yfir br.
Uppskrift:
Kjóllinn er prjónaður ofan frá og niður.
Fitjið upp 60-70-80 l og prjónið perluprjón fram og til baka 6 umferðir. Athugið að þessar umferðir eru ekki taldar með hér fyrir neðan.
Setjið nú prjónamerki (pm) fyrir ermum þannig:

Stærð 2: 2 sl, 3 pp, 5 sl, pm, 3 pp, pm, 3 pp, pm, 3 pp, pm, 5 sl, 3 pp, 6 sl, 3 pp, 5 sl, pm, 3 pp, pm, 3 pp, pm, 3 pp, pm, 5 sl, 3 pp, 2 sl.
Stærð 4: 2 sl, 4 pp, 5 sl, pm, 4 pp, pm, 4 pp, pm, 4 pp, pm, 5 sl, 4 pp, 6 sl, 4 pp, 5 sl, pm, 4 pp, pm, 4 pp, pm, 4 pp, pm, 5 sl, 4 pp, 2 sl.
Stærð 6: 3 sl, 4 pp 6 sl, pm, 4 pp, pm, 1 sl, 4 pp, 1 sl, pm, 4 pp, pm, 6 sl, 4 pp, 6 sl, 4 pp, 6 sl, pm, 4 pp, pm, 1 sl, 4 pp, 1 sl, pm, 4 pp, pm, 6 sl, 4 pp, 3 sl.

Prjónið nú 12 umferðir fram og til baka. Í sléttu umferðunum er aukið út við ermar um 1 l fyrir framan perluprjónið og aðra eftir perluprjónið (fjölgar um 8 l í hverri sl umferð).
Eftir 12 umferðir er tengt saman í hring og héðan í frá er prjónað í hring.
Prjónið áfram með útaukningum í annarri hverri umferð, þar til alls eru komnar 26, 32, 40 umferðir.
Setjið þá ermalykkjur á hjálparnælu þannig að 2 l af perluprjóninu sitt hvoru megin við ermalykkjurnar eru settar með á næluna, alls 35, 40, 48 l.
Prjónið nú perluprjón 6, 8, 8 umferðir en athugið að í fyrstu umferðinni eru fitjaðar upp 8 - 9 - 9 l við ermaop og aukið er út eftir ca 5 hverja l um 1 l alls 128 - 150 - 180 l á prjóninum. Prjónið áfram í hring *3 - 4 - 4 pp, 5 - 6 - 6 sl*, endurtakið * * út umferðina. Haldið áfram að prjóna í hring, slétt yfir slétt og pp yfir pp. Eftir 8 - 9 - 10 umferðir er aukið út um 1 l framan við annan hvern pp hluta. Eftir aðrar 8 - 9 10 umf er aukið út um 1 l framan við hinn pp hlutann. Eftir enn aðrar 8 - 9 - 10 umf er aukið út um 1 l aftan við annan hvern pp hluta og eftir næstu 8 - 9 - 10 umf er aukið um 1 l aftan við hinn pp hlutann.
Prjónið þannig áfram þar til kjóllinn mælist frá ermaopi alls 25 - 30 - 36 sm. Prjónið þá perluprjón allan hringinn alls 6 umf (athugið að ef perluprjónið stenst ekki á við perluprjónskantana er ekkert mál að auka um 1 l f framan til að það standist á).
Fellið laust af með brugnum lykjum.

Ermar: Takið lykkjurnar af hjálparnælunni og prjónið í hring, fitjaðar eru upp 8 - 9 - 9 l við ermaop og gott er að taka upp 1 l auka sína hvoru megin við opið til að ekki komi gat við ermaopið. Haldið pp lengjunni á miðri ermi og prjónið lykkjurnar við ermaopið líka pp. Á 5 - 6 - 6 umf fresti eru síðasta sl l á undan pp og fyrsta pp l prjónaðar sléttar saman sem og síðasta pp l og fyrsta sl l. Þannig fækkar í perluprjónskantinum þar til þær verða alls 3 - 4 - 4. Takið þá saman með því að prjóna síðustu 2 sl l á undan pp sl saman og fyrstu 2 sl l á eftir pp sl saman. Prjónið þar til æskilegri sídd er náð. Hér var ákveðið að hafa kvartermar, 10 - 13 - 15 sm. Prjónið þá perluprjónskant eins og á pilsi, alls 6 umf en athugið að jafna pp þannig að það standist á á miðri ermi, ef l eru of margar, má taka saman undir ermi. Fellið af með brugnum lykkjum.
Heklið nú kl í opið aftan á kjólnum og endið með að gera hnappagat þannig að heklaðar eru 6 ll, snúið við og heklið 7 fl utan um ll bogann og festið með 1 kl. Leyfið dömunni að velja fallega tölu og saumið í.
Gangið frá endum og klæðið dömuna í.

Uppskrift:
Þóra Þórarinsdóttir.

Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

Heiðursviðurkenningar frá Póllandi

Aneta Figlarska, kennari í Vallaskóla og kennsluráðgjafi hjá skólaþjónustu, Magdalena Markowska, kennari í Vallaskóla, Guðbjartur Ólason, skólastjóri Vallaskóla, og Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar fengu heiðursviðurkenningu Medalía Ríkismenntamálanefndar Póllands.

Þeir sem afhentu þessa viðurkenningar voru m.a. Dariusz Piontkowski, ráðuneytisstjóri í Mennta- og vísindaráðuneytinu, Monika Pobozy, skrifstofustjóri alþjóðasamstarfs í Mennta- og vísinda-ráðuneytinu, og Justyna Kralisz, skrifstofustjóri Miðstöðvar þróunar pólskrar menntunar erlendis (ORPEG).

Með þessum viðurkenningum er pólska ríkið að þakka Vallaskóla og skólayfirvöldum í Árborg fyrir að sinna nemendum af pólskum uppruna vel og allri þjónustu við þá og forráðamenn þeirra til margra ára.

Nemendur í Árborg eiga m.a. kost á því að sækja kennslustundir í pólsku sem þær Aneta og Magdalena hafa yfirumsjón með.

Einnig hefur fjölskyldusvið Árborgar m.a. staðið fyrir íslenskunámskeiði fyrir foreldra með fjölmenningarlegan bakgrunn en þar er lögð áhersla að að kenna skólaorðaforða sem auðveldar foreldrum að átta sig betur á íslensku skólakerfi og aðstoða börnin sín við námið.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SJÁUMST Á FIMMTUDÖGUM!

Við höfum flutt útgáfudag Dagskrárinnar aftur yfir á fimmtudaga!

Blaðið kemur einnig á fréttavefinn DFS.is á miðvikudögum.

Skilafrestur á auglýsingum og efni miðast við hádegi á þriðjudögum.

Sími 482 1944 // dfs@dfs.is // dfs.is

HAFSJÓR OCEANUS
ALÞJÓÐLEG LISTAHÁTÍÐ
INTERNATIONAL ART FESTIVAL
EYRARBAKKI 11.–12. JÚNÍ

OPNUNARHÁTÍÐ
LAUGARDAG KL. 13.00

SUMARSÝNINGAR SAFNSINS OPNA MEÐ GLÆSIVIÐHÖFN.

LAUGARDAG OG SUNNUDAG:
SÝNINGAR, LEIÐSAGNIR, GJÖRNINGAR, DANS, TÓNLIST, HUGLEIÐSLA OG TÖFRAR.

Fylgist með á facebook Hafsjór Oceanus
Nánar www.oceanushafsjor.com www.byggdasafn.is
Sýningar verða opnar alla daga frá 11. júní – 30. september

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

MÁNI ÁR70 prentmet ODDI BAKKINN SÓKNARÆTLUN SUÐURLANDS flatkaka.is rauða húsið ÍCELANDIC GLACIAL

íþróttir

Susanna Friedrichs. Mynd: Hrefna Morthens.

Í 3. sæti eftir góðan sigur á KR

FÓTBOLTI Kvennalið Selfoss náði sér í 3 stig í deild þeirra bestu með 3-1 sigri á KR á heimavelli miðvikudaginn 1. júní síðastliðinn

Leikurinn var tíðindalítill allt fram á 16. mínútu að Miranda Nild þrumaði boltanum í netið eftir góðan undirbúning Brenna Lovera. Rúmum tveimur mínútum höfðu þær hlutverkaskipti þegar Miranda renndi boltanum innfyrir KR vörnina þar sem Brenna var mætt og negldi boltanum í þverslána og inn.

Staðan var 2-0 í hálfleik en KR minnkaði muninn á sjöttu mínútu seinni hálfleiks. Selfoss lét þetta ekki á sig fá og á 59. mínútu skallaði Barbára Sól Gísladóttir boltann glæsilega í netið eftir hornspyrnu Auðar Helgu Halldórsdóttur.

Lokatölur 3-1 og Selfoss situr nú í 3. sæti deildarinnar með 14 stig, einu stigi á eftir toppliði Vals sem á leik til góða.

Þrjú sterk stig með heim frá Akureyri

FÓTBOLTI Frábær byrjun Selfyssinga í Lengjudeildinni hélt áfram í gærkvöldi þegar liðið mætti Þór á Akureyri. Selfyssingar fóru með rútu snemma í gærmorgun og tóku sér góðan tíma í ferðalagið. Leikurinn hófst klukkan 18:00

Fyrstu mínúturnar voru gæðalitlar hjá báðum liðum. Gonazalo fékk gott færi eftir hálftíma leik en setti boltann framhjá úr góðri stöðu. Hann bætti þó upp fyrir það tíu mínútum síðar þegar hann setti boltann í netið með hnitmiðuðu skoti frá vítateigslínunni eftir sendingu frá Aroni Einarssyni. Selfyssingar leiddu þegar liðin gengu inn til búningsklefa.

Síðari hálfleikur var ekki gamall þegar Selfyssingar tvöfölduðu forystuna. Aron Darri átti þá frábæra fyrirgjöf sem hitti beint á kollinn á Hrvoje Tokic sem skallaði boltann inn, 0-2!

Heimamenn í Þór voru sterkari aðilinn þar sem eftir lifði leiks en náðu ekki að minnka muninn þökk sé góðri varnarframmistöðu alls liðsins.



Mynd: Hrefna Morthens

Selfyssingar styrkja því stöðu sína á toppi Lengjudeildarinnar og eru nú með þriggja stiga forskot eftir fimm leiki, taplausir.

Næsti leikur liðsins er gegn Fylki á JÁVERK-vellinum í kvöld, fimmtudag.

Bláskógaskokkið 50 ára

FRJÁLSAR Bláskógaskokk HSK verður haldið sunnudaginn 12. júní 2022 og hefst kl. 11:00. Í ár eru 50 ár síðan fyrsta Bláskógaskokkið var haldið og verður þessara tímamóta minnst í hlaupinu. Hlaupið verður frá Gjábakka, austan Þingvallavatns eftir gamla Gjábakkavegi til Laugarvatns. Tvær drykkjarstöðvar eru á hlaupaleiðinni. Engin bílaumferð verður á hlaupaleiðinni, meðan á hlaupinu stendur.

Hægt er að skrá sig á www.hlaup.is og forskráningu lýkur föstudaginn 10. júní kl. 12:00. Eins er skráð við Fontana á Laugarvatni frá kl. 9 til 10:15 á hlaupadag. Þátttökugjald 4.000 kr. fyrir 17 ára og eldri (fædd 2005 og fyrr) 1.000 kr. fyrir 16 ára og yngri (fædd 2006 og síðar) 1.000 kr. að auki í rútufargjald fyrir 17 ára og eldri. Ef fólk ætlar að tryggja sér far í rúta þarf að forskrá sig fyrir hádegi 10. júní. Keppendur þurfa að mæta við Fontana á Laugarvatni þar sem þeir staðfesta skráningu og fá afhent keppnisnúmer frá kl. 9:00 á keppnisdag. Hlaupurum sem fara með rútu verður ekið í rútu frá Laugarvatni að rásmarki við Gjábakka (10 mílur) og á Laugardalvöllum (5 mílur) kl. 10:15. Hlauparar fá frítt í Fontana að hlaupi loknu gegn framvísum hlaupanúmers. Vegalengdir 10 mílur (16,09 km) og 5 mílur (8,05 km) með tímatöku. Tímataka er með flögum.

Flokkaskipting Bæði kyn. 16 ára og yngri 17-39 ára 40-49 ára 50-59 ára 60-69 ára 70 ára og eldri. Allir þátttakendur fá verðlaunapening. Sérverðlaun verða veitt fyrir fyrsta karl og fyrstu konu í hlaupinu í báðum vegalengdum. Verðlaunaafhending verður við endamarkið.

Nánari upplýsingar má sjá á www.hsk.is.

Íslandsbanki og Selfoss framlengja

FÓTBOLTI Íslandsbanki framlengdi á dögunum styrktarsamning sinn við knattspyrnudeild Selfoss til eins árs en bankinn hefur verið einn stærsti styrktaraðili deildarinnar um árabil.

„Við erum mjög ánægð með að hafa endurnýjað samninginn við Íslandsbanka en bankinn hefur verið einn traustasti styrktaraðili knattspyrnudeildar undanfarna áratugi. Íslandsbanki hefur einnig verið viðskiptabanki deildarinnar og þar höfum við fengið mjög góða þjónustu," segir Jón Steindór Sveinsson, formaður knattspyrnudeildar Selfoss.

Hann skrifaði undir samninginn fyrir framan ný og glæsileg auglýsingaskilti bankans á JÁVERK-vellinum, ásamt Fannari Karvel, framkvæmdastjóra knattspyrnudeildarinnar og Adólf Ingva Bragasyni, útibússtjóra Íslandsbanka á Selfossi.

Adólf segir að innan bankans sé mikil ánægja með nýja styrktarsamninginn. „Við viljum halda okkar góða samstarfi áfram, líkt og undanfarna áratugi. Við erum stolt af nýja Íslandsbanka skiltinu okkar á JÁVERK-vellinum. Það eru ungir iðkendur sem prýða skiltið og það nýtur sín vel við félagsheimilið Tíbrá. Íslandsbanki vill styðja við ungt fólk í íþróttum og stuðla að heilbrigðum lífstíl í okkar ástkæra samfélagi," segir Adólf.

Jón, Adólf og Fannar Karel skrifa undir. Mynd: UMFS

Vertu hjartanlega velkomin

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

FELAG eldri borgara FEB SELFOSSI

Ferðanefnd FEBSEL
býður uppá ferð í uppsveitir Árnessýslu þriðjudaginn 14. júní nk.

SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin eftir hádegi á fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+
á íþróttavelli þriðjudaga og fimmtudaga

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA
Diddi S. 861 4966

VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Er eitthvað að frétta?
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Morgunbænir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Stokkseyrarkirkja
Messa á sjómannadag 12. júní kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Eyrarbakkakirkja
Messa á sjómannadag 12. júní kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Haukur Arnarr Gíslason, prestur Guðbjörg Arnard.

Laugardælakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 12. júní kl. 11:00. Almennur safnaðarsöngur, organisti Guðmundur Eiríksson. Prestur Gunnar Jóhannesson. Aðalsafnaðarfundur að messu lokinni.

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónsta sunnudaginn 12. júní kl. 11. Vinamessa. Sérstaklega hugsuð fyrir burtflutta Gnúpverja og auðvitað núverandi íbúa þar. Svava Gunnarsdóttir frá Skarði flytur stutt erindi. Kaffi á eftir.

Hrunakirkja
Kvöldguðsþjónusta sunnudaginn 12. júní kl. 20. Allir hjartanlega velkomir. Sóknarprestur

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 11. júní. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12 með ræðu hefur Elías Theódórsson. Verið velkomin.

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Sýningarreitir Sláturfélags Suðurlands og Yara á Hvolsvelli 2022

Nú í vor voru lagðir út 36 sýningarreitir fyrir framan verslun SS á Hvolsvelli á vegum Búvörudeildar SS. Markmið reitanna er að geta sýnt gestum og gangandi áhrif mismunandi áburðarskammta á korn og hafra.

Til að athuga hvort sýrustigið sé ákjósanlegt þá var tekið jarðvegssýni úr reitunum í vor. Mikilvægt er að sýrustigið sé á bilinu pH 6-6,5 svo að upptaka næringarefna verði sem best. Æskilegt sýrustig fyrir bygg er á bilinu pH 6,0-6,5 og fyrir hafra pH 5,8-6,3.

Sáð var byggi í 30 reiti en notuð voru 2 ja raða yrkin Kría, Anneli og Filippa og 6 raða yrkin Smyrill og Aukusti. Einnig var sáð í 6 reiti af höfrum með yrkinu Niklas. Allir reitirnir fengu 70 kg/ha af köfnunarefni en mismunandi magn af fosfór og kalí. Allur áburður sem var notaður er frá Yara.

Reitirnir eru vel merktir og er gestum og gangandi velkomið að ganga um svæðið.

Rósa Aðalsteinsdóttir heiðruð

Eins og flestir vita þá hefur verið starfrækt bókasafnsdeild á Heimalandi undir Eyjafjöllum en þar hefur Rósa Aðalsteinsdóttir, frá Stóru Mörk, staðið vaktina til fjölda ára. Rósa kom fyrst til starfa hjá bókasafninu árið 1965 og var þá í tvö ár en starfaði svo við kennslu og var síðar skólastjóri Seljalandsskóla. Rósa brann fyrir því að halda bókasafninu gangandi og stuðlaði m.a. að því að bókasafnið fengi þá aðstöðu sem það er í núna en hún hefur svo starfað þar sem bókavörður síðan 1984. Rósa hefur alla tíð haldið vel utan um safnið, pantað inn nýjar bækur eftir þörfum og skráð allan bókakostinn skilmerkilega í þar til gerða bók. Bókasafnið hefur ávallt verið rólegur og góður staður til að hittast á og auðga andann undir góðri handleiðslu Rósu. Rósa og kvenfélagið Eygló hafa síðari ár haldið úti Bókakaffi tvisvar sinnum í mánuði og hefur það verið afar vinsælt. Þá kemur fólk á öllum aldri til að eiga góða stund saman, fá sér gott með kaffinu og bók til aflestrar. Rósa hefur einnig fengið nokkra höfunda til að koma og lesa upp

úr verkum sínum og eins og sjá má í gestabókum sem fylgja Bókakaffinu að þá hefur myndast góður hópur fólks sem mætir í hvert skipti.

Rangárþing eystra heiðraði Rósu fyrir skömmu fyrir framlag hennar til mennta- og menningarmála í sveitarfélaginu og fyrir þá eljusemi sem hún hefur sýnt í störfum sínum bæði á bókasafninu sem og við Seljalandsskóla. Rósa stendur nú á tímamótum þar sem hún er að láta af störfum hjá bókasafninu en hún varð áttræð árið 2021.

Rangárþing eystra

Leikskólinn Árbær 20 ára

Heilsuleikskólinn Árbær opnaði 14. júlí 2002 að Fossvegi 1 og fagnar því 20 ára afmæli í ár.

Að því tilefni verður opið hús í leikskólanum frá klukkan 13:00 til 16:00 dagana 13., 14., 15. og 16. júní 2022.

Fyrstu árin hét leikskólinn Árbær, leikskólinn Árborg. Leikskólinn Árborg var stofnaður 31. mars 1995. Var hann sérstakur að því leyti að hann var samstarfsverkefni Selfossbæjar, Sandvíkurhrepps, Ölfushrepps, Gaulverjabæjarhrepps og Villingaholtshrepps og var því rekstraraðili byggðasamlag Árbæjar. Hann var staðsettur í gömlu íbúðarhúsi við Kirkjuveg sem seinna var rifið vegna nýrrar hótelbyggingar, Hótel Selfoss. Nafni leikskólans var breytt í mars 1999 þegar Sveitarfélagið Árborg varð til og í dag heitir

leikskólinn, Heilsuleikskólinn Árbær. Í gamla Árbæ (Árborg) voru 50 hálfsdagspláss, 25 börn f.h. og 25 e.h.

Þann 14. júlí 2002 var opnaður nýr fjögurra deilda Árbær sem rekinn er af sveitarfélaginu Árborg. 1. mars 2006 var bætt við bráðabirgðahúsnæði sem hýsir 2 deildir. Við þessar breytingar varð Árbær 6 deilda. Í byrjun ársins 2020 var 7. deildinni bætt við Heilsuleikskólann Árbæ.

Heilsuleikskólinn Árbær starfar eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur frá Vorsabæ í Gaulverjabæ. Einkunnarorð Árbæjar eru: Virðing - Velferð - Vinátta

Leikskólinn er opnaður klukkan 7:45 að morgni og honum er lokað klukkan 16:30 síðdegis.

Gróðursetning í Vinaskógi

Fimmtudaginn 2. júní gróðursettu nemendur í Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi, ásamt umboðsmanni barna, 55 trjáplöntur í Vinaskógi við Þingvelli. Verkefnið var í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og Yrkju – sjóð æskunnar til ræktunar landsins.

Tilefni gróðursetningarinnar er barnaþing sem fyrst var haldið í nóvember 2019 og í annað sinn í mars á þessu ári. Umhverfismál eru börnum afar hugleikin og var mikil áhersla lögð á þau málefni í umræðum á báðum barnaþingum. Markmið gróðursetningarinnar er að kolefnisjafna ferðir barnaþingmanna og sérstaklega þeirra sem komu lengst að, í samræmi við áherslur barnaþingmanna á umhverfis- og loftslagsmál og umhverfisvæna samgöngumáta.

„Fá skóla og fleiri til að gróðursetja tré í náttúrunni tvisvar sinnum á ári.“

Tillaga frá barnaþingi 2022

Til vinaskógar var stofnað í tilefni Landgræðsluskógaátaksins árið 1990 og átti frú Vigdís Finnbogadóttir hugmyndina að honum og er hún verndari hans. Frú Vigdís Finnbogadóttir, er jafnframt verndari barnaþings og því er vel við hæfi að velja Vinaskóg til gróðursetningarinnar nú. Allir nemendur Kerhólsskóla tóku þátt í gróðursetningunni ásamt starfsfólki umboðsmanns barna. Sævar Helgi Bragason, rithöfundur, flutti börnunum og öðrum viðstöddum hugvekju um umhverfis- og náttúruvernd og voru veitingar í boði umboðsmanns barna. Skógræktarfélag Íslands hefur umsjón með gróðursetningu og umhirðu Vinaskógar.

Umboðsmaður barna þakkar nemendum í Kerhólsskóla kærlega fyrir samstarfið. Það er von umboðsmanns að gróðursetning í Vinaskógi verði fastur hluti af barnaþingi til komandi ára og að skógurinn haldi áfram að vaxa til framtíðar.

Fréttatilkynning frá umboðsmanni barna

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
Eyravegur 25 - Selfossi

Krakkaborg

Langar þig að vinna með ungum börnum?

Leikskólinn Krakkaborg leitar að leikskólakennurum. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, tilbúin að taka þátt í metnaðarfullu og faglegu starfi þar sem þroski og velferð barna er í fyrirrúmi.

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og þar dvelja um 35 - 50 nemendur frá 12 mánaða aldri. Leikskólinn er Grænfánaleikskóli og er því lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Dewey og er hluti af heilsueflandi samfélagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Leikskólakennari vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs ásamt foreldrasamstarfi undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með nýjungum á sviði kennslu og er virkur þátttakandi í faglegri umræðu leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennararéttindi
- Jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilji
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með ungum börnum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Sveigjanleiki
- Góð íslenskukunnátta
- Reynsla af uppeldi og menntun leikskólabarna

Miðað er við að starfsmaður geti hafið störf 3. ágúst 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu leikskólans krakkaborg.leikskolinn.is fyrir 17. júní nk. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri
í síma 480 0151 eða sara@krakkaborg.is.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2652 Fimmtudagur 9. júní 2022

Málverk af Kolfinni frá Kjarnholtum 1 afhjúpað í Aratungu

Magnús Einarsson gaf sveitarfélaginu Bláskógabyggð nýverið málverk af stóðhestinum Kolfinni frá Kjarnholtum 1. Málverkið var afhjúpað við athöfn sem fram fór í Aratungu 19. maí sl. að viðstöddum oddvita og sveitarstjóra Bláskógabyggðar og nokkrum boðsgestum Magnúsar. Guðlaug Gunnarsdóttir málaði verkið eftir ljósmynd.

Magnús stundaði um áratugaskeið hrossarækt í Kjarnholtum í Biskupstungum. Að mati þeirra sem til þekkja hefur ræktunarstarf hans reynst afar mikilvægt. Í því starfi var Kolfinnur kjölfesta og hefur hann markað djúp spor til framfara í íslenskri hrossarækt. Árið 1994 var Magnús útnefndur ræktunarmaður ársins af Búnaðarfélagi Íslands og árið 2017 hlaut hann heiðursviðurkenningu Félags hrossabænda, fyrstur manna, fyrir ræktunarstarf sitt.

Kolfinnur fæddist í Kjarnholtum árið 1981 og var undan Glókollu frá Kjarnholtum 1 og Hrafni frá Holtsmúla. Kolfinnur varð í 1. sæti í flokki stóðhesta sex vetra og eldri á Landsmóti hestamanna árið 1990 á Vindheimamelum í Skagafirði. Þá hlaut hann heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti árið 2000 í Víðidal í Reykjavík. Sú afkvæmasýning þótti sýna yfirburða gæðingskosti að rými, getu og fjölhæfni. Í upprunaættbók íslenska hestsins (Worldfeng) eru skráð 817 afkvæmi undan Kolfinni.

F.v. Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Guðlaug Gunnarsdóttir, sem málaði verkið, Magnús Einarsson hrossaræktandi og Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar.

Við athöfnina í Aratungu ávörpuðu Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, og Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, viðstadda og Hjördís Geirsdóttir stýrði söng ásamt Magnúsi.

Strandaglópar – borðspil hannað af nemendum

Nemendur í 7.-10. bekk Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa undanfarnar vikur unnið að gerð borðspils. Markmið var að nemendur kynntu sér sögu og menningu nærumhverfisins og hefur það heldur betur tekist í allri þeirri vinnu sem lögð var í þróun spilsins. Mikinn fróðleik um sögu og staðhætti Eyrarbakka, Stokkseyri og nærumhverfis er að finna í spilinu. Það voru unglingastigskennararnir Sigurþór Hjalti Gústafsson og Herdís Sif Ásmundsdóttir sem höfðu umsjón með gerð spilsins.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is